

VÍSIR

Útgefandi: Reykjavent hf.
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson
 Ritstjórnarfulltrúi: Haukur Helgason
 Fréttastj. erl. fréttastj.: Björn Bjarnason
 Auglýsingastjóri: Skúli G. Jóhannesson
 Auglýsingar: Hverfisgötu 44. Símar 11660 86611
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 44. Sími 86611
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611. 7 línur
 Askriftargjald 600 kr. á mánuði innanlands.
 í lausasölu 35 kr. eintakið. Blaðaprent hf.

Góður andi í viðræðum

Viðræður ríkisstjórnarinnar við Alþýðusambandið ganga hægt, en vel og vinsamlega. Þetta eru mikilvægustu viðræðurnar af þeim, sem ríkisstjórnin á nú við flesta aðila efnahagslífsins. Þess vegna er ekki ónýtt, að góður andi skuli vera í þeim.

Til þessa hafa viðræðurnar einkum snúizt um launauppþætur til láglaunafólks. Með hugmyndinni um þessar uppþætur er stefnt að því að samræma tvö meginþætur í efnahagsmálunum, tryggja endurreisn atvinnuveganna á þann hátt, að það komi sem minnst niður á láglaunafólki.

Í þessu felst einnig, að horfið er frá niðurstöðu kjarasamninganna í vetur sem leið, þegar hálaunamenn fengu yfirleitt töluvert meira en láglaunamenn. Eftir samningana voru menn sammála um, að það hefðu verið mistök að láta þá fara úr skorðum á þennan hátt. Og nú er verið að tala um að stiga skref til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu.

Gengissig og gengislækkun og aðrar ráðstafanir til að koma atvinnulífinu á traustari grundvöll hljóta að koma niður á lífskjörum þjóðarinnar. Við höfum lifað um efni fram á síðustu misserum og einkum á síðustu mánuðum. En hinir lægst launuðu í þjóðfélaginu geta síður en aðrir borið skerðingu lífskjara. Þess vegna snúast viðræður ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambandsins einkum um hag láglaunafólks.

Ekki hafa enn komið fram mótaðar hugmyndir um, hvernig bæta megi láglaunafólki kjarskerðingu efnahagsaðgerðanna. Ýmsar leiðir koma til greina og auðsjáanlega er æskilegast, að sem bezt samráð verði höfð um valið. Aðalatriðið er, að lausnin komi þeim að gagni, sem þurfa á henni að halda, og komi þar að fullu gagni, en útvatnist ekki með greiðslum til þeirra, sem betur mega sin.

Nefnt hefur verið, að uppþætin komi að fullu á mánaðartekjur, sem eru 50.000 krónur eða lægri, og hluta til á tekjur, sem eru milli 50.000 og 60.000 króna, en ekki á tekjur þar fyrir ofan. Þegar vinstri flokkarnir voru að ræða þessi mál í sambandi við stjórnarmyndunartilraunir þeirra í sumar, voru þeir með markið við 35.000 krónur, en það er greinilega fulllág tala.

Viðræðuáðilar hafa enn ekki orðið sammála um, hve lengi visitöluskerðingin og láglaunauppþætin eigi að gilda. Ríkisstjórnin hefur talað um tólf mánuði en Alþýðusambandið sex. Unnt ætti að vera að finna lausn á þessum ágreiningi.

Nokkuð hefur verið rætt um fjölskyldubætur og niðurgreiðslur. Í ljós hefur komið, að fjölskyldubæturnar njóta minni vinsælda en áður, enda hefur notkun þeirra sem hagstjórnartækis gengið út í öfgar. Fulltrúar Alþýðusambandsins vara hins vegar við mikilli skerðingu niðurgreiðslna, þótt þeir viðurkenni jafnframt, að óheilbrigt sé, að niðurgreiðslur séu meiri en sem nemur dreifingarkostnaði.

Í viðræðunum hefur komið fram áhugi á að kanna skattakerfið. Ríkisstjórnin mun í dag eða næstu daga leggja fram upplýsingar um áhrif síðustu breytingar á því. Að þeim upplýsingum fengnum, má búast við töluverðum umræðum um skattamál.

En kjarni málsins er sá, að báðir áðilar lita á vandamálið sem verkefni til úrlausnar og hafa því hingað til tekið ábyrga afstöðu til þess.

— JK

Menningarmál

EINANGRUN EÐA

Haustsýning F.í.M. er einhver sú stærsta sem félagið hefur haldið fram að þessu. En deila má um hvort þessi fjöldi listamanna hafi haft jákvæð áhrif á heildarsvipinn, miðað við sýningarnar undanfarin ár. 366 verk voru sýnd eftir 60 höfunda. Og ætti að vera hægt að gera einhvers konar úttekt á

málaranna á þessari sýningu láta sér nægja að mála í rólegheitum, hver í sínu horni. Það vantar alla gerjun í andrúmsloftið, spurningar um hversvegna og hvernig. Sjúkdómurinn kemur svo fram, t.d. í smæð myndanna, sem á ekkert skylt við „intimisma“ heldur þröngt sjónarsvið. Smæðin leiðir svo óbeint til þess að margir góðir málarar verða af ófróðum dregirnir í sama dilk og skrautlistamenn, og myndir þeirra keyptar sem skrauthlutir. Það er að visu satt að erfitt er að takast á við stórflötinn hér á landi, fæstir hafa vinnustofur sem gera slíkt kleift, og erfitt er að

búsett í New York. Eg hef ekki áður séð svo margar myndir eftir hana saman, og verð ég að jata að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum. Hvað myndbyggingu snertir eru myndir hennar allar meistaralegar. Í uppstillingum afmarkar og vegur hún stöðu hlutanna á fletinum með fáum breiðum pensildráttum, með einni áferð aðeins, að því virðist, ofan á sterka lárétta-lóðrétta beinagrind. Litirnir eru glóandi og hlýir (og besta myndin, Nr. 11, er hrifandi sambland þungra forma og leikandi léttra pensildráttar).

Hygg ég að þetta auga fyrir



Sigurjón Ólafsson: Bið að heilsa, frauðplast 1973

stöðu islenzkrar listar í dag, eins og hún kemur fram hjá hinum opinbera fulltrúa hennar, FÍM.

Ekki er hægt annað en að ætla að mikil værd liggja yfir listum í landinu, — værd sem á minna skylt við högværd en dóða. Minnir þetta ástand mig á slen það sem einkenndi franska list eftir heimsstyrjöldina síðari þegar stríðið hafði sögið merginn úr yngri listamönnum og hinir gömlu meistara virtust ekki færir um að takast á við andrúmsloft eftirstriðsáranna.

Þá varð endurfæðing nútímalistar ekki í Frakklandi, heldur í New York. Eg veit ekki hvaðan ætti að vænta endurfæðingarinnar héraendis. Ef til vill meðal SUM manna, þótt ekki hafi þeir sýnt tilburði í þá átt ennþá. Hver er ástæðan fyrir þessu sleni hér? Ekki höfum við staðið í styrjöld og tapað stoltinu. Ekki ætti dýrtíðin að hafa fengið svona mikið á okkur, við erum vanir henni. Eg held að slenið stafi að einhverju leyti af listrænni einangrun, listamenn okkar hafa slórað við að taka afstöðu til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í Bandaríkjunum og Evrópu undanfarin 15-20 ár. Og slík sjálfseinangrun er ófyrirgefanleg á þessum tímum fjölmiðlanna.

Hluti af þessum sjúkdómi er án efa skortur á framsækni, flestir

lifa af stórum myndum. En ef viljinn er fyrir hendi, þá er þetta ekki óleysanlegt vandamál.

Sjúkdómurinn kemur einnig fram í því að málarar héraendis virðast ekki gera sér ljóst að til eru fleiri túlkunarméðul og aðgerðir en olía, akrýlik og vatnslitir — og penslar. Þessi einbeiting islenzkrar listamanna í notkun olíu og pensla hefur hins vegar haft í för með sér að hér vinna menn sem hafa náð stórkostlegu valdi yfir þeim, menn eins og t.d. Jóhann Briem, Einar Þorláksson og Hringur Jóhannesson svo aðeins fáir séu nefndir. En þessir menn skara fram úr á kostnað efnisdirfsku og myndstærðar.

Hvað er það svo sem hin stóra mynd getur gert, og sú litla getur ekki? Hún getur fyrst og fremst (ef hún er góð) náð nánara sambandi við áhorfanda. Áhorfandi stendur ávallt utan við smámyndir, þær eru fyrst og fremst gluggi. Stór mynd verður umhverfi, veggur, sem umlykur áhorfanda, neyðir hann til að taka afstöðu og gerir hann jafnframt að leikara í því leikverki sem myndin er.

Bygging og burðarþol

Að þessu sögðu, ber að geta þess sem lof á skilið, innan þess sviðs sem listamennirnir hafa afmarkað sér. Gestur sýningarinnar í þetta sinn er Lovisa Matthíasdóttir sem lengi hefur verið

myndbyggingu hafi Lovisa hlotið í arf frá meistara Hans Hofmann. Er við aðrar myndir hennar en uppstillingar er ég ekki sáttur (nema e.t.v. „Innan dyra“), því tilhneiging Lovisu til „burðarþolsfræði“ á myndfleti gerir hálfgerða steingjörvinga úr mannverum og hestum. Maður þarf að finna að listamaður (og kona) sé að eiga við sérstaka fyrirmynd vegna þeirra eiginleika sem aðeins sú fyrirmynd hafi. Eg hef á tilfinningunni að Lovisu hafi staðið nokkurn veginn á sama hvarð hún notaði mannverur og dýr, eða epli.

Af öðrum málurum í sama sal bera af þeir Hringur Jóhannesson og Eiríkur Smith, — menn með gjörólíkt skapferli. Hringur er natinn, rólegur og markviss og byggir upp myndir sínar með faguðu handbragði og skáldlegri innsýn inn í „epifaniur“ daglegs lífs, hvernig pollur og ræsi í vegi endurspegla byggðina í kring, hvernig sjónvarpsskermur litur út þegar slökkt er á honum.

Eiríkur er aftur á móti meiri ólgumaður og myndir hans eru allar einhvers konar barátta, návígi mannsins við náttúruöfl sem hann annað hvort hverfur inn í eða yfirbugar, túlkun í sterkum „dramatískum“ litum. Mynd hans „Jónsmessunótt“ er ein stærsta myndin á sýningunni, en veldur ekki stærðinni að ég hygg. Nedri hlutinn er of þétt hladdinn gagnvart þeim efri.